



# Jöklafréttabréf Íslands

## Fréttabréf

Nr. 25

Mái 1989

### VORFUNDUR

Vorfundur verður haldinn að Hótel Lind,  
Rauðarárstíg, þriðjudaginn 23. maí 1989, kl.  
20:30.

#### Dagskrá:

1. Grímsvötn: Niðurstöður endurkastsmælinga.  
Magnús Tumi Guðmundsson segir frá rannsóknum sínum.
2. Kaffi.
3. Yfir jöklana þrjá. Videomynd úr jeppaferð þvert yfir landið frá Egilsstöðum vestur í Borgarfjörð.

## SKIPAN STJÓRNAR OG NEFNDA.

Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skipti stjórnin með sér verkum og var þá jafnframt dregið um röð varastjórnarmanna. Stjórnin er þannig skipuð:

### Aðalstjórn:

Helgi Björnsson formaður, kosinn 1989 til þriggja ára.  
Sveinbjörn Björnsson varaform., kosinn 1989 til tveggja ára.  
Einar Gunnlaugsson ritari, kosinn 1989 til tveggja ára.  
Jón Ísdal gjaldkeri, kosinn 1988 til tveggja ára.  
Stefán Bjarnason meðstjórnandi, kosinn 1988 til tveggja ára.

### Varastjórn:

Pétur Þorleifsson 1. varam., kosinn 1988 til tveggja ára.  
Björn Indriðason 2. varam., kosinn 1989 til tveggja ára.  
Ástvaldur Guðmundss. 3. varam., kosinn 1989 til tveggja ára.  
Jón Sveinsson 4. varam. kosinn 1988 til tveggja ára.

Formenn nefnda eru þeir sömu og áður þ.e.:

Rannsókn nefnd: Helgi Björnsson.

Bílanefnd: Björn Indriðason.

Skálanefnd: Stefán Bjarnason.

Ritnefnd: Tómas Jóhannesson.

## VORFUNDUR

Á vorfundinum 23. maí mun Magnús Tumi Guðmundsson greina frá niðurstöðum endurkastsmælinga með jarðskjálftabilgjum, sem gerðar voru í vorferð Jörfi 1987. Tilgangur mælinganna var að kortleggja botninn á því svæði sem Vötnin ná yfir og kanna jarðlög í Grímsvatnaöskjunni. Mælingarnar leiða í ljós að vötnin voru um 10 km<sup>2</sup> og rúmmálið 0.5 km<sup>3</sup> níu mánuðum eftir hlaupið í september 1986.

Meginaskja Grímsvatna er um 20 km<sup>2</sup> að flatarmáli og liggur botn hennar dýpst í 1060 m y.s. Víðast liggur botninn í 1070-1100 m. Þá er botn öskjunnar að hluta til þakinn hraunum sem eiga upptök sín í suðurhluta hennar.

Að lokinni kaffidrykkju verður sýnd vídeómynd Gunnars Jenssonar frá jeppaleiðangri sex félaga þvert yfir landið frá Egilsstöðum vestur í Borgarfjörð. Ekið var vestur Vatnajökul, þaðan í Nýjadal, vestur yfir Hofsjökul að Hveravöllum og að lokum yfir Langjökul niður í Borgarfjörð. Ferðin var farin um mánaðarmótin mars-apríl 1987.

## ÁRGJALD

Félagsgjald fyrir árið 1989 hefur verið ákveðið kr. 1950. Fjölskyldufélagar greiða kr. 650. Gíróseðlar verða sendir út fljótlega.

Ákveðið hefur verið að gistigjöld í læstum skálum félagsins verði kr. 450, en kr. 300 fyrir aðra skála. Þeir sem hug hafa á að nýta sér skála félagsins geta haft samband við trúnaðarmenn félagsins, sem afhenda lykla og taka við greiðslu gistigjalda. Trúnaðarmenn félagsins eru:

Stefán Bjarnason  
Hæðargarði 54  
Reykjavík s. 91-37392, vs. 91-686125

Guðmundur Márusson  
Útgarði  
Varmahlíð s. 95-6127

Vilhelm Ágúst Ágústsson  
Stóragerði 16  
Akureyri s. 96-23900

Birkir Fanndal  
Skútuhrauni 14  
Reykjahlíð s. 96-44188

Völundur Jóhannesson  
Fjarðarhlíð 5  
Egilsstöðum s. 97-11315

Skálar félagsins eru í Jökulheimum (2 skálar), á Grímsfjalli (2 skálar), í Kverkfjöllum, á Goðahnjúkum, í Esjufjöllum og við Fjallkirkjuna á Langjökli. Þeir sem koma í skálana eru beðnir að ganga vel um og láta vita ef eitthvað er úr lagi gengið í skálanum.

## VORFERÐ JÖRFI

Nú er farið að undirbúa vorferð félagsins. Samkvæmt upplýsingum frá Helga Björnssyni og félögum sem nýkomnir eru úr mælingaleiðangri af Dyngjujökli er mjög mikill snjór á leiðinni inn í Jökulheima og trúlega ekki fært inn eftir fyrr en síðari hluta júní. Í vorferðinni er stefnt að hefðbundnum mælingum á vatnshæð Grímsvatna til að vara við komu næsta Grímsvatnahlaups og mælingum á ákomu á Grímsvatnahellunni með svipuðum hætti og hvert ár í tæpa fjóra áratugi. Þá er stefnt að landmælingum á sniði norður úr Grímsvötnum til að fylgjast með skriði iss inn í vötnin. Byrjað var á þessu verkefni vorið 1988. Gegnt verður viðhaldi á hitaveitu rafstöð og mælitækjum og stefnt að því að leggja hitaveitu í gamla skálann á Grímsfjalli. Áfram verður haldið mælingum á jökulþykkt með íssjá. Beinist vinnan í vorferðinni einkum að suðurhlíðum Grímsfjalls og Háubungu. Haldið verður áfram segulmælingum til að kanna gerð megineldstöðvarinnar í Grímsvötnum og sýni tekin til samsætumælinga eins og undanfarin ár. Að lokum er stefnt að borum gegnum íshellu Grímsvatna með heitu þrýstivatni og mælingum á hitastigi undir henni. Þetta yrði meginverkefnið í vorferðinni. Vitneskja um hitastig í Grímsvötnum er mjög mikils virði til aukins skilnings á varmaafli undir Vötnunum, hvernig vatn nær að brjóta sér leið út úr þeim í byrjun hlaupa, hve hratt vatnið rennur út og hve stór hlaupin verða. Ennfremur er stefnt að því að ná sýnum af vatninu til efnagreininga svo gögn fáiast um hvernig jarðhitavatn og bræðsluvatn blandast í Vötnunum.